

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 7. október 2020
UST202009-163/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - skógrækt - Ytri-Bægisá í Hörgárdal. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er 28 ha að stærð og er frá 80 m.y.s. upp í 110 m.y.s. Gert er ráð fyrir að gróðursetja um 55.400 plöntur í svæðið.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er á fjarsvæði vatnsverndar og er talið mjög ólíklegt að umrædd skógrækt muni hafa neikvæð áhrif á vatnsgæði til skemmri tíma vegna þess að mjög lítið magn af áburði verður notað og forðast verður að nota eiturefni í tengslum við skógræktina. Til lengri tíma má gera ráð fyrir jákvæðum áhrifum trjágróðurs á vatnsgæði. Réttilega er bent á að brunnsvæði við Þelamörk er skógi vaxið án þess að þar hafi orðið vart neikvæðra áhrifa vegna þessa.


Framkvæmdasvæðið liggur að Öxnadalsá, en í ánni eru fossar m.a. Bægisárfoss. Fossar falla undir b. lið 2. mgr. í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en þar segir vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Skv. 3. mgr. laganna segir að það ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til. Umhverfisstofnun telur að skógræktin geti haft áhrif á fossana.

Umhverfisstofnun telur greinargerðina mjög góða og ítarlega. Tekið er fram að forðast verði að gróðursetja í votlendi, gerð er grein fyrir vistgerðum á svæðinu auk þess sem tegundaval til gróðursetningar verður m.t.t. jákvæðra áhrif á ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd skógrækt muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Axel Benediktsson
Sérfræðingur